

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi – Akstursíþróttá- og skotsvæði á Glerárdal.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samþykkti þann 1. júlí 2014 deiliskipulagsbreytingu fyrir akstursíþróttá- og skotsvæði á Glerárdal.

Breytingin felur m.a. í sér að skipulagsmörkum er breytt og stækkar skipulagssvæðið til vesturs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag - Miðbær Akureyrar.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samþykkti þann 6. maí 2014 deiliskipulag fyrir miðbæ Akureyrar.

Deiliskipulagið nær til miðbæjar Akureyrar og jaðarsvæða hans. Skipulagðar eru m.a. nýjar byggingalóðir, bílastæði skilgreind og hluti Glerárgötu þrengdur í eina akbraut í hvora átt.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Með gildistöku skipulagsins falla úr gildi fjórar eldri deiliskipulagstillögur:

Akureyri – Deiliskipulag miðbæjar, frá 1981, með síðari breytingum.

Deiliskipulag Strandgötu, frá 1993.

Miðbær Akureyrar – Deiliskipulag norðurhluta, frá 1996, með síðari breytingum.

Torfunef – Strandgata, frá 2005, með síðari breytingum.

*F. h. Akureyrarkaupstaðar, 8. júlí 2014,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.